

Námsáætlun fyrir dönsku 9. bekkur
skólaárið 2023 – 2024



Kennarar: Hildur Hauksdóttir og Jóhanna Pálsdóttir
Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Að nemendur geti:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Hlustun	<p>Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengd daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</p> <p>Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</p> <p>Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p>	<p>Unnið verður markvisst með hlustunarefni sem tengist þeim efnisflokkum sem unnið er með. Hlustun einnig þjálfuð við áhorf á danskar kvikmyndir, þætti eða danskt fréttæfni. Danskur texti notaður þar sem það er mögulegt.</p>	Hlustunarpróf
Lesskilningur	<p>Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</p>	<p>Unnið verður markvisst með les-og vinnubækur þar sem efni þeirra tengist ákveðnum efnisflokkum. Einnig eru lesnar smásögur og verkefni tengd þeim unnin.</p>	Orðaforðapróf Könnun eftir hvern kafla Lesskilningspróf

	<p>Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</p> <p>Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.</p>		
Samskipti	<p>Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</p> <p>Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</p> <p>Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</p>	<p>Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokk. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra.</p>	<p>Símat Munnlegt próf</p>
Frásögn	<p>Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</p> <p>Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.</p> <p>Flutt einfalda, undirbúna kynningu</p>	<p>Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokk. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra.</p>	<p>Símat Munnlegt próf</p>

	<p>á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</p>		
Ritun	<p>Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.</p> <p>Samið texta þar sem ímyndunar-aflið fær að njóta sín.</p> <p>Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.</p> <p>Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.</p>	<p>Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokkka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra.</p>	<p>Ritunarverkefni/Símat</p>
Menningarläsi	<p>Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða sem ríkja í Danmörku og getur borið saman við eigin menningu.</p> <p>Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika dönsku við eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</p>	<p>Nemendur kynnast einkenni þjóðfélags og innri samfélagsgerð í gegnum les- og vinnubækur, netmiðla og upplýsingar frá kennara.</p>	<p>Virkni/símat</p>
Námshæfni	<p>Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á</p>		<p>Kannanir/orðaforðapróf Málfræðipróf</p>

	<p>tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.</p> <p>Tekið þátt í samvinnu um ýmis konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.</p> <p>Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.</p> <p>Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p> <p>Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.</p>		<p>Hlustunarpróf Ritunarpróf Þemaverkefni</p>
<p>Námsgögn: Tak, lesbók og vinnubók Grammatik valin verkefni Valdar smásögur og verkefni: Alarm, Et hus til fru Mose og Ole Aleksander i elevatoren Verkefni frá kennara sem unnið er með á Google Classroom. Danskar kvikmyndir, þættir, efni af neti og fl.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um</p>			

framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.